

## Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 3/2021-2022

Kærandi:

N.N.

Kærðu:

Guðrún Gyða Eyþórs Árnadóttir, blaðamaður, og Reynir Traustason, ritstjóri Mannlífs.

Kæruefni:

Umfjöllun á vefmiðli Mannlífs um sakamál, sem birtist 1. júní 2021.

Málsmeðferð:

Kæran barst Siðanefnd með tölvupósti 16. júní 2021. Siðanefnd tók málið fyrst fyrir á fundi sínum 29. júní og óskaði þá eftir andsvörum kærðu. Andsvör bárust með bréfi kærða, Reynis Traustasonar, 5. júlí. Siðanefnd tók málið aftur fyrir á fundum sínum 24. ágúst og 7. september.

Málavextir:

Kærandi lýsir því að hann telji umfjöllunina brjóta gegn 1. og 3. gr. siðareglna. Kærandi telur að umfjöllunarefni greinarinnar hafi ekki átt neitt erindi við almenning. Um hafi verið að ræða endursögn á frétt sem birtist á árinu 2002 um þann atburð sem átti sér stað í febrúar það ár er kærandi varð manni að bana en hann var í kjölfarið dæmdur til fangelsisrefsingar. Kærandi vísar til þess að enginn nýr atburður hafi átt sér stað sem réttlæti umfjöllunina og hún sé meiðandi fyrir kæranda og fjölskyldu. Kærandi telur að réttur blaðamanns til að fjalla um eldri mál án sérstaks tilefnis hljóti að víkja fyrir rétti þeirra sem eiga um sárt að binda vegna málsins. Kærandi hafi átt flekklausan feril frá því að hann lauk afplánun. Hann hafi menntað sig og sé nú nýtur þjóðfélagsþegn.

Í andmælum sínum vísa kærðu því á bug „...að úrvinnsla málsins sé ámælisverð.“ Efnið hafi verið unnið upp úr dómi og umfjöllun fjölmiðla frá þeim tíma. Í kærinni sé engin efnisleg rangfærsla tilgreind heldur sé einungis byggt á því að ekki megi fjalla um málið. Kærðu hafna því að hendur blaðamanna séu bundnar með þeim hætti og vísa til þess að efnið tilheyri greinaflokki í fjölmiðlinum sem þau tilgreina að nefnist *Baksýnispegillinn* og að raunverulega sé um sagnfræðilegt efni að ræða.

Umfjöllun:

Siðanefnd hefur áður undirstrikað mikilvægi þess að fjölmiðlar hafi frelsi til að fjalla um erfið mál. Kærðu hafa lýst því að umfjöllunin tilheyri ákveðnum greinaflokki um sagnfræðilegt efni. Siðanefnd sker ekki úr um það hvort slíkt almennt efni eigi erindi til almennings. Um það verður mat blaðamanns að gilda. Hins vegar sker Siðanefnd úr um það hvort blaðamaður hafi gætt að því að vanda umfjöllunina eins og mælt er fyrir um í 3. gr. siðareglna og hvort hann hafi haft í heiðri önnur


ákvæði siðareglna. Í kærinni er ekki tiltekið hvaða einstök atriði í umfjölluninni kunni að hafa verið sett fram með ótilhlýðilegum hætti og þannig falið í sér brot gegn siðareglum. Þegar af þeirri ástæðu verður að sýkna hina kærðu blaðamenn.

Úrskurður:


Kærðu hafa ekki brotið gegn siðareglum B.Í.

Reykjavík, 14. september 2021.

  
Hjörtur Gíslason

  
Ásgeir Þór Árnason

  
Þórdís Helgadóttir

  
Fanney Birna Jónsdóttir

  
Friðrik Þór Guðmundsson